



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORVARNARDAGURINN 28. SEPTEMBER 2006

Fimmtudaginn 28. september verður í fyrsta sinn haldinn *Forvarnardagur* í grunnskólum landsins undir heitinu *Taktu þátt! Hvert ár skiptir máli*. Sérstök dagskrá verður í öllum 9. bekkjum grunnskóla og skilaboð send inn á öll heimili landsins.

Markmið Forvarnardagsins er að kynna þrjú heillaráð sem geta forðað börnum og unglingum frá því að verða fórnarlömb fíkniefna.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands, Skátahreyfinguna, Samband íslenskra sveitarfélaga og Reykjavíkurborg. Átakið er stutt myndarlega af lyfjafyrirtækinu Actavis.

Heillaráðin gegn fíkniefnum eru byggð á áratugalöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun unglunga og árangursríkum forvörnum.

Fulltrúar fjöldahreyfinganna þriggja munu heimsækja alla 9. bekki landsins og stýra dagskrá í tveimur kennslustundum í samvinnu við kennara og skólástjórnenndur. Þjóðþekkt afreksfólk mun flytja ungmennum boðskap um að samverustundir fjölskyldunnar, þátttaka í skipulögðu íþrótt- og æskulýðsstarfi og að sniðganga áfengi sem lengst, dregur til muna úr líkum á því að ungmenni hefji neyslu fíkniefna.

Í tilefni Forvarnardagsins verður staðið fyrir umræðum um forvarnir og hlutverk íþrótt- og æskulýðssamtaka, meðal annars með sérstakri ráðstefnu sem efnt verður til mánudaginn 25. september. Það er von aðstandenda Forvarnardagsins að hann geti orðið að árvissum viðburði.

15. september 2006



www.forvarnardagur.is

Nánari upplýsingar veita: Skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Elín Þ. Þorsteinsdóttir verkefnisstjóri (690 0350) og Þórólfur Þórlindsson prófessor (898 4319). Vefur verkefnisins er www.forvarnardagur.is